

Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

Sent í umsagnargátt

Reykjavík, 8. apríl 2024

Tilvísun: 202403-0186

Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna (Sp) um réttindi fatlaðs fólks, mál nr. 144.

Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hefur borist beiðni til umsagnar um ofangreint mál frá velferðarnefnd Alþingis, dags. 25. mars sl. ASÍ fagnar því að fram sé komin tillaga um fullgildingu og lögfestingu á bókuninni en hún felur í sér aukna vernd þeirra réttinda sem koma fram í samningnum og opnar á kæruleið fyrir einstaklinga og hópa einstaklinga vegna brota á samningnum til sérfræðinefndar Sp, ef allar kæruleiðir innan íslensks stjórnkerfis eru fullreyndar.

Til stóð að fullgilda og lögfesta bókunar fyrir árslok 2017 og telur ASÍ því löngu tímabært að það verði gert og hvetur þingið til að leggjast á eitt svo að það verði gert.

Virðingarfyllt,


Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ